Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréf til og málefni bæjarstjórnar 1903-1908

Aðfnr. 2227, örk 5


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur




© Borgarskjalasafn Reykjavíkur




24480.5 □ fet
6120. □ álnir
680 □ faðmar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

№ 1

Herra trjesmiður Sveinn Jónsson

| | Al. | Kr. | aur. |
|---|---|---|---|
| á að greiða í bæjarsjóð Reykjavíkur leigu fyrir afnot | | | |
| af Miðvöllum og Suðurvöllum ~~189~~ 1903 | $46\frac{3}{5}$ | 25 | 63 |
| Samtals | | 25 | 63 |

er greiðist fyrir 31. desbr. þ. á.

Reykjavík 1 Oktober ~~189~~ 1903

P. Pjetursson.
bæjargjaldkeri.

× Eptir mælingu Árna vegagjörðarmanns Zakaríassonar á Sveinn Jónsson eptir 680 □ faðma [illegible]

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

23/11.

sinni Miðvelli og Suðurvelli hjer í bænum. Sveinn hefir á þessu ári ekki haft afnot af öðru en því, sem mælt var af Árna, því að það seinasta sem selt var, var selt snemma í vor [eða seint á síðastliðnum vetri]. Lauslegur uppdráttur gerður af Á.J. fylgir með.

Rvk, 22. nóvbr. 1903

J.M.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur




© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1906, 18. dag maímánaðar vorum vjer undirskrifaðir yfirmatsmenn til staðar mættir í Aldarhúsinu hjer í bænum samkvæmt skipunarbrjefi bæjarfógetans, dags. 15. s.m. til þess að meta þar lóðarspildu þá, er tekin er til lengingar Nýlendugötu. Var þar til staðar lóðareigandinn Torfi Þórðarson, en eigi mættu þar fyrri matsmenn: Hjörtur Hjartarson og Sigvaldi Bjarnason.

Nýlendugatan lendir í gegnum miðja lóð Torfa, og klýfur hana í tvennt og myndast þá tvær hornlóðir sem að vísu verða hússtæði, en þó virðist syðri helmingurinn verða mjög aðkreptur.

Eptir að vjer höfðum mjög ítarlega skoðað og athugað legu lóðarinnar, móts og kaupverð lóða í vesturhluta bæjarins ásamt almennu lóðaverði hjer í bænum, þá komumst vjer að þeirri niðurstöðu, að hver feralin (□ alin) í nefndri lóð væri hæfilega metin á 1 kr. 66 au.

Reykjavík, 18. maí 1906.

Ben. S. Þórarinsson

Jóhannes Jósefsson

Guðlaugur Torfason

Ólafur Pjetursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Halldór Daníelsson

bæjarfógeti í Reykjavík

Gjörir kunnugt: Að bæjarstjórn Reykjavíkur kaupstaðar hefur farið fram á, að kvaddir verði 2 hæfir menn og óvilhallir til að meta til peningaverðs lóðarrýmu, 207 □ álnir, sem takast eiga lögnámi ~~nordan~~ af lóð ekkjufrúar Elinborgar Kristjánsson við Laufásveg hjer í bænum.

Fyrir því eru hjermeð þeir

Þorsteinn Tómasson, járnsmiður, og

Sigvaldi Bjarnason, trjesmiður

sem hæfir menn og óvilhallir kvaddir til að framkvæma ofangreint mat. Matsgjörðina skulu þeir semja skriflega, vanda hana eptir beztu þekkingu og samvisku og staðfesta með eiði, ef krafist verður.

Til staðfestu nafn mitt og embættisinnsigli.

Reykjavík 30. október 1905.

Halldór Daníelsson

Gjald 60 — sextíu aurar
H. D.

SIGILLUM CIVITATIS REIKIAVICAE

Skipunarbrjef

handa Þorsteini Tómassyni járnsmið og Sigvalda Bjarnasyni trjesmið til að meta til peningaverðs lóðarrýmu, 207 □ al. að stærð, ~~nordan~~ af lóð ekkjufrúar Elinborgar Kristjánsson við Laufásveg í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samkvæmt framanritaðri útnefningu bæjarfógetans í Reykjavík höfum við undirritaðir skoðað og metið lóðar-rein frá: norðanverðu af lóð frú Elinborgar Kristjánsson við Laufásveg, er bæjarstjórn Reykjavíkur hefir ákveðið að taka ~~[illegible]~~ lögnámi undir veg og metum við hverja ferhyrnings alin á 1,60 eina krónu og sextíu aura

Reykjavík 4. november 1903

Þorsteinn Tómasson Sigv. Bjarnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

inga
ndir
ú:
tjóns
lsar
eg
P
60

rnaso

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Eptirrit.

Samkvæmt skipunarbrjefi bæjarfógetans í Reykjavík, herra Halldórs Daníelssonar, höfum við undirritaðir skoðað og metið til peningaverðs lóðir þessar:

3. Lóðarsneið vestan af lóð Guðmundar Guðmundssonar kaupmanns Laugavegi 22, sem gengur til breikkunar á Klapparstíg; metum við hverja feral. á kr. 2, oo - tvær - krónur. Lóð þessi er 161 □ al. að stærð.

Reykjavík 3 oktober 1905.

Bjarni Jónsson. Sigvaldi Bjarnason.

++ ++ ++

Rjett eptirrit staðfestir.

Halldór Daníelsson

Lóðin mæld upp og reyndist 178 feral.

Halldór Daníelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Halldór Daníelsson

bæjarfógeti í Reykjavík

Gjörir kunnugt: Með því að yfirmatsmenn, er kvaddir hafa verið til að meta til peningaverðs sneið þá af lóð ungfrú Guðþórunnar Halldórsdóttur, er tekin er lóðarmanni til breikkunar Amtmannsstíg, hafa eigi getað orðið ásáttir um matið, er hérmeð Guðmundur Guðmundsson húseigandi, Grettisgötu nr. 1. skipaður oddamaður til þess ásamt áður skipuðum 4 yfirmatsmönnum, að leysa af hendi ofangreint mat. Þetta starf skal hann vanda eptir beztu þekkingu og samvizku og staðfesta með eiði ef krafist verður.

Til staðfestu nafn mitt og embættisinsigli

Reykjavík 11. júlí 1905.

Halldór Daníelsson

Gjald 0,30.
– þrjátíu – au.
H. D.

BÆJARFÓGETINN
I REYKJAVÍK

Skipunarbrjef
fyrir Guðmund Guðmundsson, Grettisgötu 1. til að vera oddamaður við lóðarmat.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samkvæmt framan skrifaðri útnefningu bæjarfógetans í Reykjavík; höfum við undirritaðir metið og virt til peninga verðs, sneið af lóð ungfrú Guðþórunnar Halldórsdóttur; er tekin er lóðarnámi til breikkunar á Amtmannsstíg, og virðum við hverja ferhirnings alin á Kr. 1,60 eina krónu og sextíu aura

Reykjavík 13 júlí 1905

Sigvaldi Bjarnason Þorsteinn Tómásson
Jón Þórðarson Stefán Egilsson
Guðm Guðmundsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

...o

...ag

...lig
...60

...ónsson
...org

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Halldór Daníelsson
bæjarfógeti í Reykjavík

Gjörir kunnugt: að bæjarstjórnin hefur tjáð mjer að hún geti eigi unað við mat það, 2 kr. 50 aura á feralin, er gjört hefur verið á lóðarræmu, tilheyrandi ungfrú Gunnþórunni Halldórsdóttur, er tekin hefur verið lögnámi til breikkunar Amtmannsstíg norðan á við, með því að lóðarræma þessi sje alls ekki byggingarlóð og verði ekki metin sem slík, og verði því að krefjast yfirmats á lóðarræmunni.

Fyrir því eru hjermeð þeir
Sigvaldi Bjarnason, trjesmiður
Þorsteinn Tómasson, járnsmiður
Jón Þórðarson, kaupmaður og
Stefán Egilsson, múrsmiður
sem hæfir menn og óvilhallir kvaddir til að framkvæma yfirmat á ofangreindri lóð. Skulu þeir gjöra skriflega matsgjörð, semja hana eftir bestu þekkingu og samvisku og staðfesta með eiði, ef krafist verður.

Til staðfestu nafn mitt og embættisinnsigli.

Reykjavík 7. júlí 1905.

Halldór Daníelsson

Gjald 1,20
– ein króna og
tuttugu – aurar

BÆJARFÓGETINN
I REYKJAVÍK

Skipunarbrjef
handa Sigvalda Bjarnasyni, Þorsteini Tómassyni, Jóni Þórðarsyni og Stefáni Egilssyni til að framkvæma yfirmat á lóðarsneið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samkvæmt skipun hr. bæjarfógetans í Reykjavík Halldórs Daníelssonar dagsett 15 Júní 1905 höfum við undirskrifaðir skoðað og metið til peningaverðs Lóðarsama þá er frk. Gunnþórunn Halldórsdóttir á við Amtmannsstíg og metum við hverja □ alin 2 kr. 50 a. Tvær krónur og fimmtíu aurar.

Matsgjörð þessa höfum við vandað eftir bestu þekkingu og erum reiðubúnir að staðfesta hana með eiði ef krafist verður

Reykjavík 17 Júní 1905

Bjarni Jónsson M. Árnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samkvæmt útnefningu

herra bæjarfógeta H. Danjelssonar í Rvík dagsettri 19da júní þessa árs.

Höfum við undirritaðir, skoðað og virt tvo Lóðarrenninga.

eign herra kaupmanns. Sveins. Sigfússonar og smiðanna. Einars Sveinssonar og H. Helgasonar, sem bæjarstjórnin ætlar að kaupa, til breikkunar Hverfisgötu,

og álítum við að þessir Lóðarrenningar sjeu hæfilega metnir á kr. 1,30. fyrir hverja □ alen

Reykjavík 30. júní 1905.

Bj. Guðmundsson

Þorsteinn Jónasson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útskript

úr aukarjettarbók Reykjavíkurkaupstaðar.

Ár 1905, þ. 22. maí var aukarjettur Reykjavíkur settur á skrifstofu bæjarfógeta og haldinn af hinum reglulega dómara Halldóri Daníelssyni með vottum Jóni Sigurðssyni og Ólafi Jónssyni þá var eptir beiðni bæjarstjórnarinnar tekið fyrir:

Að kveðja 2 hæfa menn og óvilhalla til að meta til peningaverðs rými austan af lóð Jóns kaupmanns Þórðarsonar við Ingólfsstræti, sem tekin er lögnámi til breikkunar nefnds strætis. —

Til að framkvæma þessa matsgjörð kvaddi rjetturinn þá

Magnús Blöndal trjesmið og
Sigvalda Bjarnason trjesmið

þeir skulu semja skriflega matsgjörð, vanda hana eptir beztu þekkingu og samvizku, og staðfesta hana með eiði ef krafist verður.

Rjetti slitið

Halldór Daníelsson

Ólafur Jónsson
Jón Sigurðsson

\# \# \#

Rjetta útskript staðfestir

Halldór Daníelsson

Gjald 25 – tuttugu og fimm – aurar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samkvæmt hinsvegar ritaðri útskrift úr Aukarjettarbók Reykjavíkur kaupstaðar höfum vjer undirskrifaðir í dag mælt upp lóðarsvæði það við Ingólfsstræti hjer í bænum, tilheyrandi kaupmanni Jóni Þórðarsyni.

Þar sem lóð þessi – sem er að stærð 230¼ □ alin – getur ekki eftir legu sinni skoðast sem byggingarlóð, en hefir þar á móti verið notuð sem fjárrjett og geymslupláss þess á milli álítum við hana hæfilega metna til peningaverðs á kr 1,50 – eina krónu og fimmtíu aura (hverja feralin). Verður þá öll lóðin samtals kr 345,37 – þrjú hundruð fjörutíu og fimm krónur, þrjátíu og sjö aurar.

Reykjavík 23 maí 1905.

Magnús Blöndahl

Sigvaldi Bjarnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ODDUR GÍSLASON

yfirréttarmálaflutningsmaður

Reykjavík, 13 maí 1907

Hjálagt leyfi jeg mjer hjermeð að senda yður, herra bæjarfógeti, eftirrit af yfirrjettardóminum í máli bæjarstjórnarinnar við Dr. J. Jónassen, svo og reikning minn í málinu.

Virðingarfyllst

Oddur Gíslason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

O. Gíslason
Overretsprokurator

# Reikningur til bæjarstjórnar Reykjavíkur

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | Til Salar fyrir undir- og yfirrjetti í máli | | |
| | | bæjarstjórnarinnar við dr. J. Jónassen | 2000 | 00 |
| | | " 3 ferðir í málinu fyrir undirrjetti 1/00 | 3 | 00 |
| | | " Eptirrit af yfirrjettardómi í málinu | 1 | 50 |
| 1907 | 15/5 | | Kr. 2004 | 50 |

Reykjavík 15/5-07

Oddur Gíslason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samkvæmt útreikningi bæjarfógetans í Reykjavík, höfum við undirritaðir metið til peningaverðs, (sem byggingarlóð) eitt þúsund ferh. álnir af erfðafestulandi Guðmundar Jafetssonar þ.e. Norðurmýrarbletti No 20.

Á minnstar 1000 ferh. álnir álítum við, með tilliti til þess hve landið er afskekt, ekki vera meira virði sem byggingarlóð en Kr. 250,00

Reykjavík 25 febr. 1907

Stefán B. Jónsson

Jóhannes Lárusson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Áætlun
## um
## tekjur og gjöld Reykjavíkurkaupstaðar 1906

| Tekjur | M. | Kr. | a. |
|---|---|---|---|
| **A.** Sjerstakar tekjur kaupstaðarins: | | | |
| Skálholtskotstún og Stöðlakotstún. | | | |
| 1. Útnorðurvöllur | 28 | | |
| 2. Útsuðurvöllur | 37 | | |
| Vesturtún bæjarins | | | |
| 3. Ullarstofutún | 97 | | |
| 4. Biskupsstofutún | 63 | | |
| 5. Melshúsatún | 47½ | | |
| 6. Melkotstún | 34 | | |
| Hlíðarhús og Ánanaust: | | | |
| 7. Blekurinn nr. 1 (49¾) | ~~49¾~~ | | |
| 8. — " — " 2 | 92½ | | |
| 9. — " — " 3 | 24¼ | | |
| 10. — " — " 4 | 41¾ | | |
| 11. Ánanaust | 20 | | |
| Ýmis tún og blettir: | | | |
| 12. Sefið í Bjarnarenda | 25 | | |
| 13. Móhúsatún með viðauka | 86 | | |
| 14. Thomsenstún | 60 | | |
| 15. Grænuborgarblettur | 10 | | |
| 16. Efraholt | 40 | | |
| 17. Viðaukablettur við Grund | 4 | | |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | Al. | Kr. | a |
|---|---|---|---|---|
| | Kr. | | | |
| 18. | Litlaholts-blettur . . | 18 | | |
| 19. | Neðraholts —"— . . | 7⅓ | | |
| 20 | Viðaukablettur við Sandagerði | 17 | | |
| 21 | Stekkjarkots-tún . . | " | 40 | " |
| 22. | Viðaukablettur við Garðana | 20 | | |
| 23 | Melblettur nr. 1 . . . | " | 10 | " |
| 24. | Gamli Kirkjugarðurinn . | " | 23 | 50 |
| 25. | Móakotsblettur . . . | " | 10 | " |
| 26. | Grímsbæjarblettur . . | 17 | | |
| 27 | Pálsbæjarblettur " . | 12 | | |
| 28. | Garðhúsa —"— . . | 5 | | |
| 29. | Bræðra —"— . . | 20 | | |
| 30. | Norðurgarður og Suðurgarður | " | 5 | " |
| 31. | Hjallalandsblettur . | 20 | | |
| 32 | Steinsholtsblettur eystri . | 10 | | |
| 33. | Grænuborgar —"— nr. 2 . | 20 | | |
| 34. | Mógrafar —"— . . | 20 | | |
| 35. | Þorvaldar —"— . . | 5 | | |
| 36. | Bráðræðis —"— . . | 14 | 50 | |
| 37. | Garðamýri . . . | " | 10 | " |
| 38. | Helgastaðablettur . . | 8 | | |
| 39. | Frostastaða —"— . . | 10 | | |
| 40. | Norðurmýrar —"— nr. 1 . | 40 | | |
| 41. | —"— —"— " 2 . . | 12 | | |
| 42. | Garðaholtsblettur nr. 1 . | 21 | | |
| 43. | Tjarnarenda —"— Nr. 1 með viðaukum | 27½ | | |
| 44. | Bjarna Gunnlaugssonar blettur | 32 | | |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

45.

| Flutt | Al. | Kr. | a. |
|---|---|---|---|
| 45 Viðauki við Rauðarártún | 82½ | | |
| 46 Pálsblettur . . . | 30 | | |
| 47. Kaupmannstún með viðauka | 54 | | |
| 48. Rauðarármýri . . . | 100 | | |
| 49. Norðurmýrarblettur Nr. 3 | 29 | | |
| 50. — „ — „ 4. | 56 | | |
| 51. — „ — „ 5. | 50 | | |
| 52 Hallsbæjartún . . | 20 | | |
| 53 Tjarnarendablettur . | 28 | | |
| 54. Bjarna Grímssonar blettur með viða. | 41½ | | |
| 55. Stekkjarholtsblettur með viðauka | 63½ | | |
| 56. Sandvíkur — „ — . . . | 90 | | |
| 57. Signýjarblettur . . | 12 | | |
| 58. Jaðarstún . . . | 16 | | |
| 59. Schoustún . . . | 129 | | |
| 60. Selsmýri . . . | 58 | | |
| 61. Melstaðablettur . . | 10 | | |
| 62 Steinholts — „ — vestri | „ | 10. | |
| 63. Elsumýrar — „ — . . | 23 | | |
| 64 Þorsteinstún . . | 15 | | |
| 65 Suðurholtsblettur . . | 13⅗ | | |
| 66. Norðurholts — „ — . . | 13¼ | | |
| 67. Hólstún . . . | 24 | | |
| 68. Sauðagerðisblettur nyrðri | 22⅖ | | |
| 69. Byggðarenda — „ — . . | 16 | | |
| 70. Guðmundar — „ — . . | 10 | | |
| 71. Fjelagstún . . . | 16⅓ | | |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | Al. | Kr. | a |
|---|---|---|---|
| Fl. | | | |
| 72 Sauðagerðisblettur syðri . | 17⅓ | | |
| 73. Meistaravöllur . . | 75 | | |
| 74. Norðurmýrarblettur N. 6 með viðauka | 83⅔ | | |
| 75 Skólavörðublettur . . | 12½ | | |
| 76 Sandvíkur — nyrðri | 77 5/9 | | |
| 77. Syðstigarður . . . | 5 | | |
| 78. Melblettur N. 2 . . | 10 | | |
| 79 Hólabrekkutún með viðauka | 22⅔ | | |
| 80. Melbæjarblettur . . . | 10 | | |
| 81. Garðaholtsblettur N. 2 . | 10 | | |
| 82. Björns Sveinssonar blettur . | 15 | | |
| 83 Skothúsblettur N. 1. . . | 10 | | |
| 84. Smiðjublettur með viðauka | 13 | | |
| 85. Þormóðsstaðablettur með viðauka | 28⅔ | | |
| 86. Litlubrekkublettur . . | 7 | | |
| 87. Melblettur N. 3 . . | 6 | | |
| 88. Austurkotsblettur með viðauka | 20 | | |
| 89. Bergsblettur . . . | 5 | | |
| 90. Skothúsblettur N. 2 . . | 5 | | |
| 91. — — „ 3 . . | 5 | | |
| 92. Garðaholtsblettur „ 3 . . | 10 | | |
| 93. — — „ 4 . . | 10 | | |
| 94 Vatnsmýrarblettur N. 1 með viðaukum | 90⅗ | | |
| 95 Garðbæjar — . . . | 22 2/9 | | |
| 96 Vötuvöllur með viðauka . . | 71⅓ | | |
| 97. Arablettur . . . | 20 | | |
| 98. Fjelagsgarður . . . | 75 | | |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | Al. | Kr. | a. |
|---|---|---|---|
| 99. Holtastaðablettur Nr. 1 | „ | 22 | „ |
| 100. Rauðará „ „ „ . | „ | 120 | . |
| 101. Lækjarbakki „ „ . . | „ | 20 | . |
| 102. Melblettur Nr. 4 . . | 7 | | |
| 103. Norðurmýrarblettur Nr. 7 | 20 | | |
| 104. — „ — — „ — „ 8 | 18 | | |
| 105. — „ — — „ — „ 9 | 23 | | |
| 106. Sauðagerðisblettur vestri | 16 | | |
| 107. Laufásblettur . . . | 40 | | |
| 108 Eiríksblettur . . . | 5 | | |
| 109 Norðurmýrarblettur Nr. 10 | 57 | | |
| 110. — „ — — „ — „ 11 | $28\frac{5}{12}$ | | |
| 111. — „ — — „ — „ 12 | $28\frac{5}{12}$ | | |
| 112. Spítalalóðin . . . | 186 | | |
| 113. Vatnsmýrarblettur Nr. 2 með viðaukum | 35 | | |
| 114. Grafar — „ — eystri . | $34\frac{1}{2}$ | | |
| 115. — „ — — „ — vestri . | 24 | | . |
| 116. Lækjarbakkablettur vestri . | $19\frac{1}{2}$ | | |
| 117. Holtastaðablettur Nr. 2 . . | $13\frac{4}{5}$ | | |
| 118. Lambhóls — „ — . . . | 10 | | |
| 119 Kirkjusandur vestri (30 ár frá 5/3 1900) | . | 150 | „ |
| 120. — „ — eystri (30 ár frá 1/10 — „ —) | . | 20 | „ |
| 121. Melblettur Nr. 5 . . . | 25 | | |
| 122. Norðurmýrarblettur Nr. 14 . | 22 | | |
| 123. Einholtsblettur . . . | 9 | | |
| NB 124 Laugarnesblettur . . | 100 | ÷ | |
| 125. Samtals (J. J. og V. Bj.) . | 57 | | |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | Al. | Kr. | a |
|---|---|---|---|---|
| | Al. | | | |
| 126 | Nordurmýrarbletter Nr. 15 með viðaukum | 58⅔ | | |
| 127. | Lækjarbletter eystri (M. V.) | 40 | | |
| 128. | Fúlutjarnargrandi (10 ár frá 1903) | " | 10 – | |
| 129. | Bráðræðisgrandi (5 ár frá 1903) . | " | 6 – | |
| 130. | Melbletter Nr. 6 | 5 | | |
| 131. | Nordurmýrarbletter Nr. 16 . | 24⅝ | | |
| 132. | Vatnsmýrarbletter " 3 . . | 48 | | |
| 133. | —"— —"— " 4 . . | 42 | | |
| 134. | Nordurmýrar —"— " 17 . . | 42⅔ | | |
| 135. | —"— —"— —"— " 18 . . | 30⅓ | | |
| 136. | —"— —"— —"— " 19 . . | 53⅔ | | |
| 137. | —"— —"— —"— " 20 . . | 35 | | |
| 138. | Stakkstæði við Fúlutjörn (20 ár frá 5/6 1905 | " | 75 | " |
| 139. | Nordurmýrarbletter Nr. 21, 1906 | 49 | | |
| 140. | Kringlumýrar —"— —"— | 60 | | |
| 141. | Laugalækjar —"— —"— | 44 | | |
| ~~142.~~ | ~~Viðauki við Vötavöll~~ —"— | 48 | viðb. að framan | |
| | Bæjarsjóður á í vændum afgjald af: | | | |
| a. | Laugahúsabletti, sem er leigulaus í 15 ár frá fardögum 1892. | | | |
| b. | Nordurmýrarbletter Nr. 22 (M. Bl.) | 32 | | |
| c. | —"— —"— " 23 (Gr. Kr. Egg.) | 28 | | |
| d. | Eskihlíðarbletter (Guðm. Jak.) | 60 | | |
| e | Nordurmýrarbletter Nr. 24 (Ól. St.) | 32. | | |
| ~~f.~~ | ~~Viðauka við Þormóðsstaðablett 1906~~ | ~~10~~ | sömul | |
| ~~g.~~ | ~~—"— —"— Hólabrekkutún 1906~~ | ~~3~~ | sömul | |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | Al. | Kr. | a |
|---|---|---|---|
| Tl. | | | |
| ~~h. Viðauka við Stekkjarholtstún 1906~~ | ~~12~~ | sömul. | |
| Bæjarfógetinn í Reykjavík 22. sept. 1906. | | — | |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinn 18. sept. 1907 átti veganefnd kaupstaðarins fund með sjer.

Út af beiðni Sveins Sigfússonar um sneið úr Kleppslandi til erfðafestu eða leigu og rjett til þess að gjöra þar hafnarvirki, samþykti nefndin að leggja það til, að beiðandanum verði, að fengnu samkomulagi við stjórn Kleppsspítala, leigð landsspilda, að stærð allt að 60×180 álnir, á þeim stað, er hann biður um, til 25 ára gegn 300 kr. árgjaldi og gegn því að hann girði lóðina sæmilegri girðingu á sinn kostnað. Jafnframt sje honum leyft að gjöra hafskipabryggju undan lóðinni með þeim skilyrðum, að bæjarstjórn sje heimilt að leggja gjald á notendur bryggjunnar, aðra en eiganda hennar, þegar farið er að heimta samskonar gjöld í hafnarsjóð fyrir afnot þeirra bryggja, sem bærinn á, eða þeirra, sem einstakir menn eiga undan kaupstaðarlóðinni; gjald þetta megi vera jafnhátt og samskonar gjöld fyrir að nota bryggju bæjarins eða einstakra manna undan kaupstaðarlóðinni; 2/3 hlutar gjaldsins renni í hafnarsjóð, en 1/3 til eiganda bryggjunnar. Eigandi sje skyldur að leyfa öðrum að nota bryggjuna, að svo miklu leyti sem slíkt kemur eigi í bága við notkun hans sjálfs. Meðan bæjarstjórnin tekur eigi gjald af bryggjunni, sje eiganda heimilt að taka gjald fyrir afnot hennar, en hámark þess skal ákveðið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

með samningi við bæjarstjórnina áður bryggjan sje gjörð.

Verði hafskipabryggjan gjörð, eigi bæjarstjórnin hvenær sem er, er því 25 ár eru liðin, rjett til að eignast hana gegn því að greiða eiganda samvirði hennar á þeim tíma, er kaupin gjörast á, eptir óvilhallra manna mati. Vilji bæjarstjórnin eigi nota þann rjett, þegar er 25 ár eru liðin, heldur eigandi bryggjunnar afnotarjetti lóðarinnar áfram unz bæjarstjórnin vill eignast bryggjuna, þó eigi lengur en 25 ár í viðbót, gegn árgjaldi, er nemi 5% vöxtum af verði lóðarinnar eins og það að liðnum hinum fyrstu 25 árum verður ákveðið með dómkvaddra manna mati.

Eptir 50 ár frá því að þetta leyfi er veitt, fellur lóðin og afnotarjettur fjörunnar til bæjarins aptur, og hefur bærinn þá sjálfs umráð lóðarinnar og fjörunnar án tillits til mannvirkja þeirra, er þar kunna að hafa verið gjörð.

Leyfi þetta sje af bæjarstjórnarinnar hálfu ennfremur því skilyrði bundið, að samningur sje gjörður fyrir 1. marz n.á. og lóðin girt og byrjað að nota hana fyrir 1. júlí n.á.

---

Allir á fundi nema Kristján Þorgrímsson

Jón Þorláksson. Magnús Einarsson. Magnús Blöndahl

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Frumvarp

til laga um lóðarlögnám vegna vatnsveitu Reykjavíkur, um vatnsskatt o. fl.

1. grein

Til afnota fyrir vatnsveitu Reykjavíkur skal bæjarstjórnin hafa rétt til að taka lögnámi vatnsuppsprettur, vatnsbúðir og brunna í ~~landareign~~ bæjarins; sömuleiðis land og lóð, L sem nauðsynleg eru til vatnsæðalagningar og annara mannvirkja, er vatnsveitan heimtar, svo og grjót, möl og torf eptir þörfum, allt gegn endurgjaldi eptir mati 2 dómkvaddra óvilhallra manna.

umdæmi

Lg afnot landi

Hin sömu réttindi veitist og bæjarstjórninni; ~~þegar það hagfellt, að taka vatn og leggja vatnsæðar~~ fyrir utan umdæmi kaupstaðarins í landi nágrannajarðanna L

L þegar henni hagfellt að taka þar vatn og leggja þar vatnsæðar.

2. grein.

Þá er bæjarstjórnin hefur fullgjört vatnsveitu til bæjarins og um bæinn, skal hún hafa einkarétt til að selja neysluvatn í lögsagnarumdæminu. —

3. grein.

Til þess að standast kostnaðinn við vatnsveituna, skal bæjarstjórninni heimilt að heimta skatt af öllum húseignum í lögsagnarumdæminu; upphæð gjaldsins ákveður bæjarstjórnin, en það má eigi fara fram úr 5‰ (fimm af þúsundi) af brunabótavirðingu eignanna. Húseigandi greiðir gjaldið. T

Sjerstakt aukagjald ~~fyrir~~ má leggja á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur fyrirtæki, er vatn nota L ~~[illegible]~~

T Hver er greiðir gjald þetta á rétt ~~heimt~~ ~~eigi~~ á að hafa ~~fá~~ einn vatnskrana í hverja íbúð í húsi sínu. —

L til annars en venjulegrar heimilisbrúkunar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~Innantal vatnsins; og má eigi vera hærra en ... aur. fyrir tunnu vatns. Bæjarstjórnin leggur vatnsmæli til.~~ —

Þá má ~~bæjarstjórnin~~ og heimta ~~leggja~~ auka-gjald af ~~þeim~~ þeim er hafa fleiri vatns-hana en einn í ~~hverjum~~ íbúð húsins, eða hafa ~~[illegible]~~ vatnshana utanhúss ~~(eða hafa baðker í húsum sínum)~~ ~~Líka sem er óánægður með ákvæði bæjarstjórnarinnar um upphæð gjaldsins getur skotið málinu til Stjórnarráðsins, en þá ákveður gjaldið eptir getur látið sér ... ákveðið gjaldið, ef það ... (Vatnshana á ... um byggð~~ —

(í íbúðar

~~(Vatnshana~~

~~Af skipum öllum, innlendum sem útlendum,~~ er taka vatn (~~í lögsagnarumdæmi~~ Reykjavíkur ~~skal fyrir hverja vatnstunnu greiða ... aur, en eigi af gufuskipum ... aur. fyrir tonn skipsins, en af seglskipum ... aur. pr. tonn, brúttórúmmál eptir mælingarskírteini skipsins~~.

Öll skip, jafnt innlend sem útlend, (úr vatnsæðum (skulu greiða gjald fyrir vatnstökuna, ~~er miðast við tonnatal skipsins~~. —

Framantalin aukagjöld skulu ákveðin með taxta, er bæjarstjórnin semur og stjórnarráðið staðfestir. —

## 4. grein.

Þeir einstakir menn, sem vatnsból eiga þann 1. júlí 1907, skulu vera undanþegnir vatnsskattinum, sem um ræðir í næstu grein á undan, um 5 ára bil, frá því lög þessi (ganga í) gildi.

## 5. grein.

Bæjarstjórninni skal vera skylt að leggja vatnsæðar svo, að hver húseigandi nái til þeirra í götu eða veg eða á opnu svæði, er liggur að lóð hans, og verður enginn krafinn um vatnsskatt, fyr en svo er. Frá vatnsæðum þeim, er bæjarstjórnin leggur í götur og vegi og opin svæði, leggur hver húseigandi vatnsæðar inn í hús sitt á eigin kostnað. Þó má

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bæjarstjórnin gjöra samning við húseig-
endur um innlagning á vatnsæðinni í
hús þeirra með öðru, er þar að lýtur,
gegn því að kostnaðurinn endurgjald-
ist henni á 10 árum með jöfnum
afborgunum auk vaxta, og skal hann
tryggður með veði í húseigninni, er
hafi forgangsrjett ~~fyrir~~ öllum veðskuldum eptir
samningi. —

~~fullum~~

## 5. grein.

Bæjarstjórnin hefir rjett til að löggilda
menn, er hún telur hæfa, og svo marga
er henni þykir þurfa, til þess að leggja vatns-
æðir þær, er einstakir menn eiga að kosta,
og setji þær í samband við vatnsæðar bæj-
arins, og sjeu þeir skyldir, að ~~hlíta~~ innan-
kaupstaðar, sem bæjarstjórnin ~~setur~~, og
að öðru leyti fara eptir reglum þeim, er
bæjarstjórnin þar setur.

hlíta

kann að setja

Engir aðrir en þeir er þannig hafa fengið
löggildingu, mega leggja vatnsæðar frá
bæjarvatnsveitunni inn í hús í bæn-
um. —

## 6. grein.

Bæjarstjórninni skal heimilt, að loka
vatnsæðum bæjarins fyrir þeim, er van-
rækja að gjöra við leka á pípum eða
krönum eða eyða vatni að óþörfu,
eða fara óhreinlega með það. —

## 7. grein.

Hver sem af ásettu ráði skemmir vatnsæðar
bæjarins eða önnur mannvirki, sem heyra til vatns-
veitunni, skal auk þess að greiða skaðabætur
að fullu, sæta fangelsisrefsingu eða sektum.
Sjeu skemmdirnar gáleysisverk, skal hlutað-
eigandi sæta sektum, og að auki bæta skað-
ann að fullu. — ~~Hátterni ef þeim sem~~
~~skal fara~~ með sem almenn lögreglumál.

## 8. grein.

Bæjarstjórnin getur sett reglugjörð um
notkun vatnsins, meðferð á vatnsæð-
um ~~unum~~ og önnur atriði, sem nauðsynleg
kunna að þykja. Í reglugjörðinni má
ákveða sektir fyrir brot á henni. Stjórnar-
ráðið staðfestir reglugjörðina.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. gr.

Með mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum eða reglugjörð-um þeim, er samkvæmt þeim verða settar, skal fara sem almenn lögreglumál. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur